

Ár 2015, fimmtudaginn 17. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Ríkiseigna

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Framkvæmdastjóri Ríkiseigna er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða framkvæmdastjóranum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 10. júlí 2015 frá framkvæmdastjóra Ríkiseigna. Í bréfinu segir að samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra þann 1. mars 2015 hafi Fasteignir ríkissjóðs og Jarðeignir ríkisins sameinast í eina stofnun. Með bréfinu fylgdi skipurit ásamt yfirliti um viðfangsefni hinnar nýju stofnunar. Fram kemur að verkefni sem Fasteignir ríkissjóðs hafi sinnt áður séu að mestu hin sömu. Ástæða sé samt til að staldra við þá starfsemi og meta þróunina. Rekstarumfang hafi fjórtán faldast á 16 árum á föstu verðlagi. Þá hafi afköst starfsmanna margfaldast á sama tíma og framleiðni, þ.e. umsjónarkostnaður sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, hafi aukist jafnt og þétt á liðum árum. Þessi dæmi um aukið umfang, aukin afköst og framleiðni séu hvert um sig ástæða til endurákvörðunar launa. Þau verkefni sem áður hafi verið sinnt á skrifstofu jarðamála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu séu að mestu þau sömu og verið hefur en þeim til viðbótar hafi bæst við málaflokkur sem séu auðlindir á ríkislandi. Með auðlindum sé átt við fallvatn, neysluvatn, jarðhita, vindorku, jarðefni og önnur verðmæti. Hin nýju verkefni felist í því að fá fullnægjandi yfirsýn yfir þessi verðmæti, skrá þau í gagnagrunn og afla síðan upplýsinga og nýta þær við ákvörðun gjalds fyrir afnot af auðlindunum. Ný verkefni og aukin umsvif, ábyrgð og álag kalli á að launaákvörðun verði endurskoðuð.

Með bréfi dagsettu 14. júlí 2015 var fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 27. júlí 2015. Þar segir að framkvæmdastjórinn bendi í bréfi sínu meðal annars á sameiningu við jarðeignir ríkisins auk þess sem viðfangsefni séu orðin fleiri og hafi rekstrarumfang stofnunarinnar margfaldast á undanförunum árum.

Með bréfi dagsettu 29. júlí 2015 fékk framkvæmdastjóri Ríkiseigna sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Í ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra um stofnun Ríkiseigna sem dagsett er 23. febrúar 2015 segir að Ríkiseignir sé stofnun sem taki til starfa 1. mars 2015. Hún sé mynduð með sameiningu jarðaumsýslu fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fasteigna ríkissjóðs. Fram kemur að Ríkiseignir hafi ekki afmarkað lagalegt hlutverk heldur annist stofnunin viðfangsefni á sviði eignamála í umboði fjármála- og efnahagsráðherra. Þau helstu eru útleiga, viðhald og rekstur fasteigna ríkissjóðs sem stofnuninni hefur verið falin umsjón með og

endurleiga fasteigna sem leigðar hafa verið á almennum markaði. Þá á stofnunin að annast umsýslu með jarðeignum í eigu ríkissjóðs, ábúðarmál, umsjón með leigusamningum, innheimtu jarðarafgjalda og leigu og margvísleg tengd verkefni. Einnig á hin nýja stofnun að annast umsýslu og skráningu auðlinda í eigu ríkisins og ráðgjöf til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um viðfangsefni sem falla undir verksvið hennar. Þá kemur fram að á verksviði Ríkiseigna fari fjármála- og efnahagsráðuneytið, auk almenns stefnumótunar- og yfirstjórnunarhlutverks, með það verkefni að ákvarða kaup og sölu eigna, leigu eigna í samræmi við verklagsreglur ráðuneytisins og yfirumsjón með jarðasjóði.

Stofnunin Ríkiseignir er rekstrarlega aðgreind frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og hefur eigin fjárhag. Henni er stjórnað af framkvæmdastjóra og skiptist til að byrja með í þrjár megin skipulagseiningar, þ.e. byggingar, land og auðlindir og stjórnsýslu og fjármál. Stefnt er að því að síðar verði bætt við fjórðu skipulagseiningunni, um þróun, áætlanir og gagnamál. Framkvæmdastjóri Ríkiseigna hefur sama stjórnunarumboð og ber sömu skyldur og almennt gildir um forstöðumenn. Stofnunin er fjármögnuð með eigin tekjum, annars vegar leigutekjum fasteigna og hins vegar framlögum úr jarðasjóði, samkvæmt áætlun sem fjármála- og efnahagsráðuneyti samþykkir. Í ákvörðun ráðherra er að finna nánari ákvæði um samstarf og samráð Ríkiseigna og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Segir þar meðal annars að allar ákvarðanir sem teljast hefðbundnar eða reglubundnar skuli teknar af Ríkiseignum og í nafni stofnunarinnar og að haft skuli samráð við fjármála- og efnahagsráðuneyti vegna undirbúnings stærri mála sem eru formlega á ábyrgð ráðherra.

Hlutverk Ríkiseigna er að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu eigna sem stofnunin hefur umsjón með. Þetta gerir hún með því að veita leigutökum, ábúendum og öðrum samstarfsaðilum góða þjónustu, viðhalda og auka verðmæti eigna, þar með talin menningarleg og umhverfisleg verðmæti. Þá skal hún stuðla að hagkvæmri nýtingu eigna og auka tekjur ríkisins af þeim innan marka þeirra reglna og viðmiða sem sett eru. Hún skal halda örugga og lifandi skrá um jarðir, aðrar fasteignir og auðlindir og skal skráin fela í sér upplýsingar um alla mikilvæga eiginleika eignanna. Vinna skal grunn að langtímaáætlun um jarðir, aðrar fasteignir og auðlindir þar sem meðal annars er fjallað um framtíðareignarhald, nýtingu og mögulega hagræðingu. Þá skulu Ríkiseignir gera tillögur til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um kaup, sölu og leigu fasteigna eftir því sem við á og veita aðstoð við framkvæmd.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Stofnunin Ríkiseignir var sett á fót þann 1. mars 2015 þegar Fasteignir ríkissjóðs og jarðaumsýsla fjármála- og efnahagsráðuneytisins sameinuðust í eina stofnun. Við ákvörðun launa framkvæmdastjóra Ríkiseigna hefur verið höfð hliðsjón af launum framkvæmdastjóra Fasteigna ríkissjóðs eins og þau voru fyrir sameiningu, en tekið mið af auknum verkefnum og umfangi.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra Ríkiseigna skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2015 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Ríkiseigna vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú 808.332 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 8.934 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Ríkiseigna gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber